

# Að svífa um loftin blá með báða fætur á jörðinni

## Flugmódelismiði nýtur sívaxandi vinsælda hér á landi

Það hlýtur að vera undarleg tilfinning að vera að taka „spin“ og veltur, snúninga og dýfur en vera samt sem áður með báða fætur jarðfasta, standandi upp í loftið og finnast um leið að þetta sé eina leiðin til að njóta lífsins fullkomlega.

Þetta gera flugmódelmenn. Þeir smíða sér fullkomnar eftirlíkingar flugvéla, í mikið smækkaðri mynd þó, setja vélar og fjarstýribúnað í þær

og „fljúga“ svo um loftin blá, að visu neðan af jörðinni.

### Erfitt að læknast

Þetta virðist vera óskaplega skemmtilegt, leikföng fyrir fullorðna, enda eru flugmódelmenn á öllum aldri, allt frá krökkum innan við fermingu til áttræðisaldurs. Flugmódelmenn eru sammála um að

þeir sem á annað borð fá delluna læknist ekki svo auðveldlega af henni. Þess vegna endast þeir yfirleitt mjög lengi sem á annað borð hefur tekist að berja saman eitt mód-

### Dægradvöl

el og koma því á loft. Þeir nota flestar fristundir sínar á veturna við smíðar og lagfæringar en þegar fer að vora fá þeir fíðring sem þeir losna ekki við fyrr en þeir geta farið að þeyta flugmódelunum í loftið.

Til að koma í veg fyrir allan miskilning er hér ekki verið að ræða um nein smá módel, sem koma má fyrir í brjóstvasanum og ganga fyrir batterí eða eru trekkð upp. Hér erum

við að ræða um flugvélar með allt að 2-3 metra vænghaf, allt að 20 kílógramma þungar og með tvö hundruð kílómetra flughraða á klukkustund!

### Smíðir og flugmenn

Flugmódelmenn segja að í þeirra hópi séu tvær gerðir módelmanna, smíðirnir og flugmennirnir. Sumir hafa mun meira yndi af því að smíða og snurfusa flugvélnar á meðan hinir hafa mestan áhuga á fluginu sjálfu.

En flestir eru þó blendnir í trúnni, hafa gaman af hvorutveggja. Þeir láta þá smíðarnar sitja fyrir á veturna en flugið á sumrin.

Nú er um töliverðan kostnað að ræða hjá þeim sem hyggjast setja saman stórar og glæsilegar vélar með fullkomnum fjarstýribúnaði. Í fullkomnum módelum er hægt að hreyfa alla hreyfifleti, sem hægt er að hreyfa í venjulegum flugvélum, með fjarstýribúnaðinum. Slík módel geta kostað um hundruð þúsund krónur og getur sá kostnaður reyndar orðið mun hærrí. En það er einnig hægt að koma sér upp módelum með öllu sem ekki kosta meira en 20-30 þúsund krónur og eru það ágætis byrjendaflugvélar.

ÞRIÐJUDAGUR 29. MARS 1988.

DV